

## GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn í Hornafirði.

### 1. gr.

Af öllum fasteignum í Hafnarhreppi, sem tengdar eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0,30% af heildarfasteignamati eignar, þ.e.a.s. af mati mannvirkja að viðbættu mati lóðar. Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 300,00 á hverja fasteign. Sé fasteign eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvörðun þessarar greinar.

### 2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum skal greiða aukavatnsskatt.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsskattur skal vera kr. 1,05 á hvern m<sup>3</sup> vatns.

### 3. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi.

### 4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta skal vera kr. 10,00 á hvern m<sup>3</sup> vatns. Þá skal vatnsveitunni heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Höfn í Hornafirði.

Hafnarsjóður sér um afgreiðslu vatns til skipa og báta í höfninni. Tekjur af þeirri vatnssölu skiptast til helminga milli Hafnarhrepps og Hafnarsjóðs.

### 5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

### 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu 626 stig, en hreppsnefnd er heimilt að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

### 7. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts ár hvert er hinn sami og gjaldldagi fasteignaskatts.

Aukavatnsskattur samkvæmt 2. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega, eða við aflestur mælis. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

### 8. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns vegna skips.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps nr. 45 16. febrúar 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1982.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

3. febrúar 1982.

Nr. 53.

## REGLUGERÐ

### um Framkvæmdasjóð aldraðra.

#### 1. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra, sem til er stofnað samkvæmt lögum nr. 49/1981, skal stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

#### 2. gr.

Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Óldrunarfræðafélags Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögu um úthlutun úr sjóðnum. Þá skal hún og gera tillögu til ráðherra um 5 ára framkvæmdaáætlun, sbr. 1. gr.

#### 4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal mánaðarlega gefa sjóðsstjórn yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana. Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu sjóðsstjórnar skulu reikningarnir birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Skattstjórar skulu leggja gjaldið á einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn, sem hafa tekjuskattsstofn undir ákveðnu marki, ákveðnu af Alþingi. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.